

Tillaga að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2025

Umsagnir lögaðila og tillögur um afgreiðslu þeirra, - til umræðu á fundi skipulags- og byggingarnefndar 18. ágúst 2009.

Mýrdalshreppi hefur borist umsagnir frá eftirfarandi aðilum:

1. Flugmálastjórn, bréf dags. 1. júlí 2009.
2. Siglingastofnun, bréf dags. 2. júlí 2009.
3. Vegagerðin, netpóstur dags. 2. júlí 2009.
4. Landgræðslan, bréf dags. 7. júlí 2009.
5. Fornleifavernd ríkisins, bréf dags. 15. júlí 2009.
6. Umhverfisstofnun, bréf dags. 5. ágúst 2009.
7. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, bréf dags. 17. ágúst 2009.

Eftirtaldir aðilar hafa ekki svarað:

8. Landbúnaðarráðuneyti.
9. Skipulagsnefnd kirkjugarða.
10. Almannaþingarnefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.
11. Rangárþing eystra.
12. Skaftárhreppur.

Hér á eftir eru dregnar saman helstu efnislegu athugasemdir sem koma fram í umsögnum og tillögum um svör við þeim:

Flugmálastjórn, dags. 1. júlí 2009

1. Tillagan verði send rekstaraðilum flugvalla og að Flugmálastjórn sé ekki rekstraraðili í sveitarfélaginu.
Svar: Verður gert á auglýsingartíma.
2. Bendir á ranga tilvísun í lög sem eru fallin úr gildi.
Svar: Verður lagfært.

Siglingastofnun dags. 2. júlí 2009

1. Lína sem sýnir takmörk bygginga þarf að vera í minnst 110 m fjarlægð frá flóðvarnargarði í stað 90 m.
Svar: Verður lagfært.
2. Kveða þarf skýrar á um gólfkvóta húsa neðan bakka.
Svar: Verður lagfært.
3. Bent er á að ef sjóvarnargarður taki mið af hættu vegna Kötlugosa þurfi hann að vera í 8 m hæð í hæðarkerfi Víkur og enn hærrí ef vegur verði innan garðs.
Svar: Fellt verði úr kafla 4.5 (bls.43): „Við hönnun hans(garðsins) má telja eðlilegt að taka tillit til hugsanlegrar sjávarbylgju af völdum Kötluhlaupa“.

4. Bent er á að hugsanlega þurfi að takmarka efnistöku á svæði ES20 vegna áhrifa á Víkurfjöru.
Svar: Óþarfi er að breyta skipulagsgögnum. Námavinnsla á þessum stað er sjálfbær, enda segir í greinargerð (sl. 48): „Efnistakan ræðst af uppsöfnun efnis við fjöruborðið“.
5. Bent er á að fjöruborð er töluvert ofar en sýnt er á þéttbýlisupprætti.
Svar: Verður lagfært.

Vegagerðin (Vr) dags. 2. júlí 2009

1. Bent er á að veglínur Vr (leið 3) hafi ekki skilað sér fullkomlega, m.a. við Norðurgarð og vestan hringtorgs í þéttbýlinu. Mælt er með því að loka tengingu inn á Smiðjuveg frá hringtorgi í Vík.
Svar: Veglína austan Reynisfjalls tekur mið af því að hún komist fyrir milli fyrirhugaðs varnargarðs og íþróttavallar. Felld verður út tenging við Smiðjuveg.
2. Reiðleiðir eru aðallega meðfram vegum þrátt fyrir að auka eigi öryggi hestamanna.
Svar: Meiri hluti reiðleiða liggja fjarri vegum, en rétt er að árétta að stefnt verði að því í framtíðinni að færa reiðleiðir frá Suðurlandsvegi, þar sem því verður við komið.
3. Umferðarhraði um Vík verði 50 km/klst. í stað 35 km/klst.
Svar: Felld verða út ákvæði um lækkun umferðarhraða, óþarfi að setja inn í aðalskipulag.
4. Vr telur að betra umferðaröryggi verði ef vegur verði ofan byggðar (Leið 4), t.d. vegna flóttaleiða vegna Kötlugosa.
Svar: Gert er ráð fyrir að núverandi vegur um Gatnabrún verði haldið við sem innansveitarvegi (tengivegi) og ferðamannaleið, sem einnig muni nýtast sem flóttaleið vegna Kötlugosa.
5. Vr telur fyrirbyggjandi tillögu (Leið 3) ekki hagkvæma þar sem flytja þurfi íþróttavöllinn eða hækka garðinn verulega. Staðhæft er að slíkur viðbótarkostnaður geti lent á sveitarfélaginu. Vegur ofan Víkur (Leið 4) gefi möguleika á áfangaskiptingu framkvæmda og hægt sé að laga veg um Gatnabrún til bráðabirgða.
Svar: Við samanburð mismunandi veglína þarf einnig að huga að mislöngum göngum í Reynisfjalli eftir veglínunum sem jafnar kostnað á milli valkosta.
6. Ranghermt er að gert sé ráð fyrir endurbótum á Reynishverfisvegi og Dyrhólavegi. Lagfæra þarf flokkun þjóðvegakerfis í greinargerð.
Svar: Verður lagfært.
7. Uppfæra þarf tilvísanir í gamlar heimildir frá Vr., einkum vegna lagabreytinga og nýrra skilgreininga. Einfalda þarf umfjöllun um námur skv. námaskrá Vr.
Svar: Verður lagfært.
8. Vr. telur framlagða lausn skv. skipulagstillögu umferðartæknilega ásættanlega, en telur að skoða þurfi betur almanniheill, hagkvæmni og rofvarnir. Vr. telur veg ofan byggðar ódýrari og jafn öruggan kost sem megi áfangaskipta.

Svar: Verður metið í mati á umhverfisáhrifum á síðari stigum.

Landgræðslan (Lgr.) dags. 7. júlí 2009

1. Lgr. telur eðlilegt að gera betur grein fyrir sögu landgræðslustarfs við Vík og ástandi gróðurs og jarðvegseyðingar í Mýrdalshreppi almennt. Ennfremur að eftirfarandi stuðningsmarkmið verði sett (bls.17): „Gerð verði áætlun um heftingu sandfoks í Vík og tryggt eftir því sem hægt er að sandfok valdi hvorki íbúum óþægindum, né tjóni á mannvirkjum“.

Svar: Tekið undir.

2. Lgr. leggur til að bætt verði við eftirfarandi starfsmarkmiði í kafla 2.3.1 bls. 18: „Gerðar verði landnýtingaráætlanir á öllum bújörðum til að tryggja sjálfbæra nýtingu lands og hámarka nýtingu landkosta“.

Svar: Þetta á ekki við í aðalskipulagi. Gæti verið áhugavert verkefni hjá bændum sem vilja markaðssetja sig með vistvæna framleiðslu.

3. Lgr. leggur til að bætt verði við eftirfarandi starfsmarkmiði á sviði landbúnaðar og ræktunar á bls. 18. „Stefnt verði að uppgræðslu lands á þeim svæðum þar sem jarðvegsrof er til staðar, einkum ef það ógnar grónu landi og hugað verði að áframhaldandi uppgræðslu lítt og ógróins lands, m.a til að fyrirbyggja mögulegt rof, auka frjósemi og viðnám jarðvegs og bæta vatnsmiðlun lands“.

Svar: Tekið undir.

Fornleifavernd ríkisins, dags. 15. júlí 2009

1. Bent er á að skrá skuli fornminjar í tengslum við aðalskipulagsvinnu. Ef það er ekki unnt ber að skrá minjar á þeim svæðum þar sem gert er ráð fyrir nýframkvæmdum.

Svar: Stefnt er að því að fornleifaskráningu verði lokið í Mýrdalshreppi á fyrir hluta skipulagstímans (hugsanlega ætti að tilgreina ákveðið ártal, t.d. 2015 ?).

2. Æskilegt er að varpa öllum skráðum minjum inn á þemakort til skýringar.

Svar: Þarfnast skoðunar, - skráðar minjar eru ekki aðgengilegar á stafrænu formi.

3. Bent er á að fornleifaskráningu í Vík sé ekki lokið (bls. 12).

Svar: Eðlilegt er að gera grein fyrir fornleifaskýrslu unna af Katrínu Gunnarsdóttur árið 2004, sem nær til minjaskráningar fyrir Norður- og Suður-Vík. Skýrslan getur verið fylgirit með aðalskipulagsgögnum.

Umhverfisstofnun(UST), dags. 5. ágúst 2009

1. UST telur að Leið 3 um Dyrhólahverfi uppfylli ekki stofnmarkmið sveitarfélagsins um náttúruverndarsjónarmið (bls. 12). Náttúruverndarsjónarmiðum verði best gætt með því að hafa veginn sem fjærst Dyrhólaósi. Leið 3 sé ósættanlegur kostur þar sem leiðin skerðir mikið svæði sem er á náttúruminjasrá. UST ítrekar að öðru leyti umsögn sína frá 17. febrúar 2006 þar sem fram kemur það mat að vernda eigi Dyrhólaey, Dyrhólaós og votlendi norðan hans sem eina heild.

Svar: Við val á veglínu í aðalskipulagi er ekki einungis horft til náttúruverndarsjónarmiða heldur einnig til margra annarra þátta, s.s. hagrænna og félagslegra þátta og áhrifa á heilsu og öryggi, sbr. einnig umhverfisskýrslu. Meiri hluti nefndarinnar telur að Leið 3 fullnægi best heildarmarkmiðum aðalskipulags.

2. Bent er á að starfsmarkmið aðalskipulags í umhverfismálum (bls. 14) sem kveður á um að *tekið verði tillit til stefnumörkunar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefndar* samræmist ekki niðurstöðu skipulagsins um legu Suðurlandsvegar.

Svar: Óþarfi er að vísa til stefnumörkunar UST í markmiðum aðalskipulags.

3. UST telur mikilvægt að halda fleiri en einum kosti um veglínu inni í aðalskipulaginu svo mismunandi valkostir séu fyrir hendi þegar umhverfisáhrifin eru metin. Grunnrannsóknir skortir til þess að hægt sé að taka afstöðu til veglína á þessu stigi.

Svar: Aðeins er hægt að sýna eina leið í aðalskipulagi, en fleiri valkostir verða metnir á betri þekkingargrunni þegar framkvæmdin fer í umhverfismat.

4. UST gerir nokkrar athugasemdir við töflu á bls. 31. þar sem lagt er mat á umhverfisáhrif mismunandi þátta.

Svar: Verður lagfært.

5. UST telur að Leið 3 austan Reynisfjalls hafi meiri neikvæð áhrif en Leiðir 4 og 5, einkum vegna neikvæðra áhrifa á aðgengi og upplifun í Víkurfjöru. (Umhverfisskýrsla bls. 16-17).

Svar: Í umhverfisskýrslu kemur skýrt fram að neikvæð áhrif verði á útivist í Víkurfjöru. Áréttu mætti betur að strandsvæðið sunnan Víkur verður að stórum hluta manngert að loknum framkvæmdum við sjóvarnargarð.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands (HS), dags. 17. ágúst 2009

1. HS bendir á að æskilegt væri að bæta við nokkrum tilvísunum í nýleg lög og reglugerðir á heilbrigðissviði.

Svar: Verður lagfært.

2. HS bendir á að lagfæra þurfi orðalag í kafla 5.7.1 um vatnsveitur þar sem eru skýrðar skyldur sveitarstjórna um að gera grein fyrir vatnsveitum og vatnsverndarsvæðum á skipulagsuppdraetti. Ennfremur er bent á að vatnsból verði hnitsett.

Svar: Skipulagsgögn verða endurbætt eftir því sem fyrirbyggjandi gögn leyfa, í samráði við HS.

3. HS telur æskilegt sé að fjalla um neysluvatnsmál í aðalkafla um markmiðssetningu aðalskipulagsins.

Svar: Tekið til skoðunar, sjá umfjöllun í kafla 2.4 bls. 21.

Tekið saman á fundi skipulags- og byggingarnefndar þ. 18. ágúst 2009 og uppfært 26. ágúst 2009

Gísli Gíslason, skipulagsfulltrúi